

**Ed.**

**155. Nefndarátt**

um frv. til laga um tilbúinn áburð.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Tilgangur þessa frv. er að ýta undir bændur að nota tilbúinn áburð meira en gert hefir verið, í fyrsta lagi með því að útvega fjelagsskap bænda áburðinn

milliliðalanst frá útlöndum fyrir lægsta verð, og í öðru lagi með því að greiða flutningskostnað frá útlöndum og milli og til allra þeirra hafna, sem skip Eimskipafjelagsins og strandferðaskip ríkisins koma á.

Meiri hluti nefndarinnar felst á, að það mundi verða til mikilla framfara í landbúnaði, hjer eins og annarsstaðar, ef bændur færu alment að nota tilbúinn áburð, og vill því stöðla að framgangi málsins.

Að forminn til felst að vísu í frv. aðeins heimild handa ríkisstjórninni til þess að taka verslun með tilbúinn áburð í sínar hendur, en meiri hl. nefndarinnar er þeirrar skoðnnar, að stjóruin eigi að nota þessa heimild þegar á þessn ári, svo sem gert er ráð fyrir í 1. gr. frv.

Meiri hluta nefndarinnar þykir rjettara að setja nokknr takmörk fyrir því, hversn lengi skuli standa sú heimild, að ríkissjóðnr greiði flutningskostnaðinn, og ber því fram breytingartillögn þar að lútandi.

Það er því tillaga meiri hlutans, að frumvarpið verði samþykt með eftirfarandi

#### BREYTINGU.

Upphaf 2. greinar skal orða svo:

Árin 1929, 1930 og 1931 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði o. s. frv.

Alþingi, 13. febrúar 1928.

Einar Árnason,  
form.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr. og frsm. meiri hl.